

Varð allt í einu iðinn í tímum!



hag

Varð allt í einu iðinn í tímum!

Smíðakennarinn sem fjallað er um í þessari grein var ekki með kennaramenntun þegar hann þurfti að fást við erfiðan einstakling með ADHD. Hann hafði enga reynslu eða þekkingu á því hvernig hann átti að bregðast við. En hann kom auga á leið sem hentaði.

Drengurinn var mjög klár strákur. En hann náði ekki að nota hæfileika sína því ADHD einkennin voru ríkjandi.

„Hann fór um eins og þeytisþjald, uppi á borðum, undir borðum, gat ekki setið kyrr og var óútreiknanlegur. Hann lagði hendur á bekkjafélaga sína og átti það til að ráðast á starfsfólk skólans.

Hann vann ekki verkefni sem sett voru fyrir hann. Ég passaði að hlutir sem gátu verið hættulegir væru læstir niður því að maður vissi aldrei hvað kæmi næst. Ég þurfti að gefa honum fyriræli með því að segja það gagnstæða. Með allt þetta að baki þurfti hann 100% stuðning”

Drengurinn var orðin félagslega einangraður, bekkjafélagar hans voru hræddir við hann.

„Ég hafði aldeil séð svona tilfelli áður. Ég reyndi að skipuleggja verkefni fyrir önnina. Ég vildi sjá hvað börnin væru fær um að gera svo ég lét þau fá frjálst verkefni. Þau áttu að finna efnisviðinn, hvað þau vildu gera og ákveða út-

komuna. Það óvænta gerðist að drengurinn byrjaði að vinna. Hann hafði mikinn áhuga á ákveðinni dýrategund. Hann gat setið kyrr í tímum, mjög áhugsamur á að útfæra með sínu nefi einhvað tengt dýrategundinni. Hann hafði reyndar ekki eins mikið úthald og hinir krakkarnir en hann var loksins farinn að vinna. Hann uppskar því sem hann sáði og fékk hann hrós fyrir. Það urðu skörp skil á hegðun hans.

Það færðist miklu meiri ró á hann og að sjáfsögðu kom það betur út fyrir hann.

Ég sá að með því að leyfa honum að tengja inní námið áhuga hans á þessari tilteknu dýrategund uppskar hann ánægju og einbeitningu í tímum. Þetta virkaði og í framhaldinu aðlagði ég verkefni betur að hans þörfum. Eftir þetta þurfti hann engan stuðning í tímum hjá mér”.

Viðtalið tók Sigríður Jónsdóttir við ónefndan smíðakennara